Á FAGLEGUM NÓTUM

# Skýrsluhald – heimarétt WorldFengs

**Halla Eygló Sveinsdóttir**
ráðunautur, búfjárræktar- og þjónustusvið
halla@rml.is



**Nú þegar líður að áramótum og allir eru búnir að skila haustskýrslu til matvælaráðuneytisins er gott að huga að hvað er ógert varðandi skráningar í WorldFeng.**

Þegar þetta er ritað er búið að grunnskrá 3.299 folöld. Fjöldi fæddra folalda sem skráð hafa verið í WF síðustu ár hefur verið rétt innan við 6.000, þannig að talsvert á eftir að bætast við.

Rétt er að fara yfir eftirfarandi í heimarétt WF:

- Er búið að gera grein fyrir fangskráningu? Skráning á fangi er forsenda þess að hægt sé að skrá afdrif fangs á næsta ári.
- Er búið að merkja við þá fola sem voru geltir í sumar?
- Er búið að gera grein fyrir afdrifum hrossa?
- Er litaskráning í lagi?
- Er búið á setja inn nöfn á þau hross sem hafa verið nefnd?

Aðeins til upprifjunar, þá eru þessar leiðir færar til að skrá fyljun:

√ Stóðhestseigandinn skráir í sinni heimarétt hvaða hryssur voru hjá hestinum. Hryssueigandinn fær sjálfkrafa tilkynningu úr WF í tölvupósti þegar það hefur verið gert (ef netfang í WF er rétt skráð).





| Fæðingarnúmer hryssu | Hryssa | Tímabil | Fæðingarnúmer stóðhests | Stóðhestur | |
|---|---|---|---|---|---|
| [redacted] | [redacted] | 12.07.2022-20.09.2022 | IS2008188560 | Kolskeggur frá Kjarnholtum I | |
| IS[redacted] | [redacted] | 27.07.2022-14.09.2022 | IS2017187573 | Hlekkur frá Austurási | Staðfest af stóðhestseiganda |
| IS[redacted] | [redacted] | 12.07.2022-20.09.2022 | IS2008188560 | Kolskeggur frá Kjarnholtum I | |

**Mynd 1 Staðfesting komin frá öðrum stóðhestseigandanum.**




**Mynd 2. Valmyndir í heimarétt WF.**




**Mynd 3. Skráning á folaldi, sjálfvirk skráning á ræktanda og eiganda.**




**Mynd 4. Skráning á folaldi, skrásetjari skráir upplýsingar um ræktanda og eiganda. Þessi breyting er kærkomin og ætti að auðvelda mjög skráningu á ræktendum og eigendum folalda.**

√ Hryssueigandi skráir fang á sínar hryssur í sinni heimarétt. Þær hryssur birtast síðan í heimarétt stóðhestseigandans sem staðfestir að hryssurnar hafi verið hjá hestinum. Geri hann það ekki fer skráning hryssueigandans ekki í gegn. Það er því mjög mikilvægt að stóðhestseigendur fylgist með hvort hryssur eru að bætast inn á hestinn í heimaréttinni. Skráning hryssueiganda á fangi er í raun tilkynning til stóðhestseiganda sem hann þarf síðan að staðfesta til að hún verið virk.

√ Stóðhestaskýrslu eða fyljunarvottorði skilað inn til RML, undirrituðu af stóðhestseiganda eða umsjónarmanni hestsins. Ef hryssurnar hafa verið sónarskoðaðar þarf dýralæknir að votta með sinni undirskrift niðurstöður úr skoðuninni. Upplýsingar um sónarskoðun eru ekki skráðar nema